



Minjasafn Austurlands

Ársskýrsla 2024

Minjasafn Austurlands

Ársskýrsla 2024

© Minjasafn Austurlands.

Öll réttindi áskilin.

Forsíðumynd: Frá sýningunni Landnámskonan

Útgefandi: Minjasafn Austurlands.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður útgáfu: Elsa Guðný Björgvinsdóttir.

Höfundar efnis: Elsa Guðný Björgvinsdóttir.

Egilsstaðir, 2025.

Efnisyfirlit

Formáli	3
1. Mannauður	4
Starfsmannamál.....	4
Störf stjórnar	4
2. Rekstur	4
Ársreikningur	5
Styrkir	5
Starfshópur um breytt rekstrarfyrirkomulag	6
3. Varðveisla	6
Afhendingar og skráningar	6
Útlán gripa	6
Kjarvalshvammur	7
Grisjunaráætlun	7
4. Heimasóknir	7
Opnunartímar og aðgangseyrir.....	8
Gestafjöldi	8
5. Húsnæði og aðstaða.....	9
6. Sýningar, viðburðahald og önnur miðlun	9
Grunnsýningar	9
Smiðjur	10
Landnámskonan.....	11
Örsýningar	11
Kjarval á Austurlandi	13
7. Safnfræðsla	14
Heimsóknir skólahópa	14
8. Samstarf, símenntun, starfshópar	15
Símenntun	15
Ljósmyndasafn Austurlands	16
Aðild að félögum.....	16
Safnasóknin	17
9. Lokaorð	17

Formáli

Á árinu 2024 gaf sveitarfélagið Múlaþing út metnaðarfulla menningarstefnu til ársins 2030. Í stefnunni er einn kafli helgaður menningararfi og þar eru skilgreind markmið sem fela m.a. í sér að söfn í Múlaþingi standi vörð um menningararf svæðisins og sinni af metnaði öllum grunnþáttum faglegs safnastarf, að þau taki þátt í samfélagslegri umræðu, hafi inngildingu að leiðarljósi, séu mikilvægur þáttur í menntun og fræðslu o. fl. Stefnan sýnir að sveitarfélagið gerir sér grein fyrir þeim verðmætum sem felast í söfnunum sem þar starfa og vonandi mun ráðafólk sveitarfélagsins sýna það í verki með dyggum stuðningi við þennan mikilvæga málaflokk.

Menningarminjasöfn hafa fjölbreyttu hlutverki að gegna. Þau varðveita ekki aðeins menningararfinn heldur er þeim ætlað að miðla honum með fjölbreyttum hætti. Lengi hafa verið uppi raddir þess efnis að sýna ætti forngripi á þeim slóðum sem þeir eiga uppruna sinn. Það er eðlileg krafa í sjálfu sér en það verður þó ekki gert sí svona. Til þess að svo megi verða, verður að vera til staðar aðstaða og þekking innan safnanna. Á árinu 2024 urðu þau stórtíðindi á Minjasafni Austurlands að safnið fékk til sýningar merka forngripi frá Austurlandi sem varðveittir eru í Þjóðminjasafni Íslands og höfðu ekki áður komið fyrir augu almennings. Það er mikil viðurkenning fyrir Minjasafn Austurlands að Þjóðminjasafn Íslands hafi lánað safninu þess gripi og vonandi verður hægt að gera meira af slíku í framtíðinni. Hér á Austurlandi er enn óplægður akur þegar kemur að miðlun niðurstaðna fornleifarannsókna og sjá mætti fyrir sér margvíslegar leiðir í þeim efnum sem Minjasafn Austurlands ætti að vera þátttakandi í með einhverjum hætti. Reynslan frá sumrinu sýnir svo ekki verður um villst að fólk hefur mikinn áhuga á þessu efni, ekki síst heimafolk.

Þessi skýrsla er tíunda ársskýrsla Minjasafns Austurlands sem undirrituð skrifar og jafnframt sú síðasta. Þessi níu ár sem ég hef gegnt starfi safnstjóra hafa verið afar gefandi, skemmtileg og lærdómsrík. Upp úr stendur fólkið sem ég hef kynnst og unnið með í gegnum þessi ár, bæði innan safnsins, Safnahússins, menningargeirans á Austurlandi og á öllu landinu. Ég þakka auðmjúk fyrir góð ár og hlakka til að starfa áfram með fulltrúum safnsins á öðrum vettvangi.

Elsa Guðný Björgvinsdóttir

fráfarandi safnstjóri Minjasafns Austurlands

1. Mannauður

Mannauður Minjasafns Austurlands samanstendur af metnaðarfullum starfsmönnum og traustu baklandi sem stjórn safnsins myndar. Saman vinna allir þessir aðilar af fagmennsku að þeim fjölmörgu verkefnum sem starfsemi safnsins felur í sér.

Starfsmannamál

Breytingar urðu á starfsmannamálum safnsins á árinu. Elsa Guðný Björgvinsdóttir sagði starfi sínu sem safnstjóri lausu frá og með 1. júlí en hún hafði gegnt starfinu frá 1. september 2015. Hún lét af daglegum störfum á safninu 1. október en kom áfram að ákveðnum verkefnum þar til nýr safnstjóri tók til starfa. Til starfsins var ráðin Björg Björnsdóttir sem tók til starfa 2. janúar 2025. Beata Brodowska gegndi áfram stöðu sérfræðings á sviði varðveislu í 100% starfi og Eyrún Hrefna Helgadóttir var í tæplega 80% stöðu sérfræðings á sviði fræðslu og miðlunar. Sóley Dagbjartsdóttir var ráðin sameiginlegur sumarstarfsmaður Minjasafnsins og Bókasafnsins og sinnti hún gestamóttöku, sýningargæslu og öðrum tilfallandi verkefnum frá júní og út ágúst. Þá var Jónína Bára Benediktsdóttir sameiginlegur starfsmaður Minjasafns og Bókasafns með stuðningi Vinnumálastofnunar.

Störf stjórnar

Stjórn safnsins var óbreytt á árinu. Hana skipuðu Björn Ingimarsson (formaður), Vilhjálmur Jónsson (ritari), Rannveig Þórhallsdóttir og Tinna Jóhanna Magnusson fyrir Múlaþing og Þórdís Sveinsdóttir (varaformaður) fyrir Fljótsdalshrepp. Varamenn voru Berglind Svavarsdóttir, Jónína Brynjólfssdóttir, Hulda Sigurdís Þráinsdóttir og Jóhann Hjalti Þorsteinsson fyrir Múlaþing og Gunnar Jónsson fyrir Fljótsdalshrepp. Stjórnin kom fimm sinnum saman á árinu og eru fundargerðir hennar aðgengilegar á vef Minjasafnsins.

2. Rekstur

Rekstur safnsins var í járnum á árinu eins og oft áður. Tekjur af aðgangseyri voru töluvert minni en áætlanir gerðu ráð fyrir og stór sérverkefni tóku sinn toll. Safnið fékk þó fjölmarga

styrki til ýmissa verkefna og áfram var unnið að því að breyta rekstrarfyrirkomulagi safnsins.

Ársreikningur

Rekstrartekjur Minjasafnsins á árinu 2024 voru rúmar 46,2 m.kr. Þar af voru framlög sveitarfélaganna til reksturs safnsins 33,8 m.kr. sem var í samræmi við áætlun. Styrkir til sérverkefna (önnur rekstrarframlög) voru rúmar 10 m.kr. Aðgangseyrir var 2,3 m.kr en áætlun gerði ráð fyrir fjórum m.kr. Samtals gerði áætlun ráð fyrir 39,8 m.kr. í rekstrartekjur en styrkir til sérverkefna eru ekki inni í þeirri tölu. Heildarrekstrargjöld ársins 2024 námu samkvæmt ársreikningi 59,5 m.kr. en áætlun hafði gert ráð fyrir 51,7 m.kr. Þar af voru laun og launatengd gjöld rúmar 29 m.kr. sem var í samræmi við áætlun. Tekið skal fram að gjöld vegna sérverkefna eru inni í tölunni um rekstrargjöld í ársreikningi en þau voru ekki tekin með í fjárhagsáætlun.

Rekstrarniðurstaða ársins 2022 var neikvæð upp á rúmar 13,3 m.kr. Stærstur hluti þess, eða 11,9 m.kr., skýrast af gjaldfærðri húsaleigu vegna Laufskóga 1 en umsamið kaupverð á fasteigninni (sem Fljótsdalshérað keypti árið 2013) greiðist með endurgjaldslausum afnotum Minjasafnsins af húsnæðinu. Afgangurinn, 1,4 m.kr., skýrast af því að tekjur af aðgangseyri voru mun minni en áætlanir höfðu gert ráð fyrir auk þess sem stór og mikilvæg sérverkefni fóru fram út áætlun. Nánari upplýsingar um fjármál safnsins árið 2022 er að finna í ársreikningi sem aðgengilegur er á vef safnsins.

Styrkir

Minjasafnið fékk samtals 6.550.000 kr. úthlutað í styrki til ýmissa verkefna á árinu. Flesta styrki fékk verkefnið *Kjarval á Austurlandi* sem nánar er fjallað um í sjötta kafla, en það fékk 2 m.kr. úr Safnasjóði, 1,5 m.kr. úr Uppbyggingarsjóði, 500 þús.kr., annars vegar frá Múlaþingi og hins vegar frá Alcoa, 350 þús.kr. frá Atlantsolíu, 300 þús.kr. frá Landvirkjun og 150 þús.kr. frá MVA. Safnið fékk einnig 500 þús.kr. úr Uppbyggingarsjóði í verkefnið *Landnámskonan* (sjá 6. kafla). Þá fékk safnið tvo styrki úr aukaúthlutun Safnasjóðs, annars vegar 200 þús.kr. til að sækja Farskóla FÍSOS á Akureyri og hins vegar 150 þús.kr. til að senda starfsmann á námskeiðið *Röð og regla á söfnum*. Síðast en ekki síst fékk safnið 400 þús.kr. úr Húsfriðunarsjóði til framkvæmda í Kjarvalshvammi.

Starfshópur um breytt rekstrarfyrirkomulag

Um skeið hafa verið uppi hugmyndir um að breyta rekstrarfyrirkomulagi Minjasafnsins á þann veg að byggðasamlag Múlapings og Fljótsdalshrepps um reksturinn verði lagt niður. Þess í stað muni Múlaþing sjá alfarið um rekstur safnsins en fulltrúar beggja sveitarfélaga myndi fagrað sem fari með fagleg málefni safnsins. Í mars 2023 samþykkti stjórn safnsins að beina því til aðildarsveitarfélaganna að breyta fyrirkomulaginu og tilnefna tvo fulltrúa í starfshóp um breytingarnar. Hópin skipa Björn Ingimarsson og Vilhjálmur Jónsson fyrir Múlaþing og Helgi Gíslason og Lárus Heiðarsson fyrir Fljótsdalshrepps. Vinna starfshópsins hélt áfram á árinu en niðurstaða var ekki komin í málið við árslok.

3. Varðveisla

Umsýsla safnkostsins var sem fyrr eitt af meginverkefnum Minjasafnsins enda er safnkosturinn sú stoð sem öll önnur starfsemi safnsins hvílir á. Starfsfólk safnsins vann að því alla daga að skrá og ljósmynda gripi sem afhentir voru á safnið, bæta eldri skráningar, meta ástand safnkostsins og bæta varðveisluskilyrði. Á árinu var einnig unnin grisjunaráætlun fyrir safnið.

Afhendingar og skráningar

Safnið tók á móti um 175 gripum á árinu. Allir gripirnir sem bárust safninu voru ljósmyndaðir og skráðir í menningarsögulega gagnasafnið Sarp. Hægt er að nálgast upplýsingar um þá og aðra gripi sem varðveittir eru á Minjasafni Austurlands á Sarpur.is.

Útlán gripa

Munir sem áður höfðu verið teknir til sýninga utan Minjasafnsins voru það áfram á árinu. Munir sem tilheyrðu Vigfúsi Sigurðssyni frá Egilsstöðum í Fljótsdal voru áfram til sýnis á Óbyggðasetrinu í Fljótsdal, Heilbrigðisstofnun Austurlands á Egilsstöðum sýndi muni sem tengjast heilbrigðisþjónustu á Fljótsdalshéraði í biðstofu sinni og munir frá

Minjasafninu voru til sýnis á Sómastöðum í Reyðarfirði en húsið tilheyrir húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Einnig voru munir frá Minjasafninu áfram til sýnis í Fjarðarselsvirkjun á Seyðisfirði á vegum Rarik.

Kjarvalshvammur

Minjasafn Austurlands hefur umsjón með sumarhúsi Jóhannesar Sveinssonar Kjarval sem stendur í landi Ketilsstaða í Hjaltastaðapinghá. Frá árinu 2018 hefur safnið staðið fyrir viðhaldi og endurbótum á húsinu eftir því sem styrkfé hefur fengist. Framundan er að bæta upplýsingagjöf við hvamminn og fengust styrkir vegna þess árið 2022. Því verkefni var frestað þar sem að á árinu 2022 stóðu yfir miklar vegaframkvæmdir í Hjaltastaðapinghá sem meðal annars breyttu aðkomu almennings að Hvamminum. Ráðlegt þótti að bíða með að bæta miðlun í hvamminum þar til þessum framkvæmdum væri lokið og vinna það samhliða stígagerð og öðru sem viðkemur aðkomunni að húsunum. Sumarið 2023 var lokið við stígagerð frá nýju bílastæði að húsinu og því hægt að fara að huga að uppsetningu skilta og annarri miðlun í hvamminum. Ekki tókst að ljúka því verkefni á árinu.

Grisjunaráætlun

Stjórn Minjasafnsins samþykkt á árinu grísjunaráætlun fyrir safnið en í henni er farið yfir verklag við grísjun úr safnkosti og er hún forsenda þess að hægt sé að grísjá gripi úr safnkostinum sem ekki er talið forsvaranlegt að varðveita. Áætlunin bíður nú samþykkis Þjóðminjasafns Íslands.

4. Heimssóknir

Umtalsvert færri gestir heimsóttu Minjasafn Austurlands árið 2024 en árið 2023. Þrátt fyrir það fjölgaði íslenskum gestum mikið og sjaldan hafa fleiri nemendur nýtt sér safnfræðsluverkefni safnsins. Opnunartími var óbreyttur.

Opnunartímar og aðgangseyrir

Opnunartími safnsins var óbreyttur á árinu. Yfir vetrartímann var safnið opið þriðjudaga til föstudaga frá klukkan 11:00 til 16:00. Í júní, júlí og ágúst var opið alla daga frá kl. 10:00-18:00. Allt árið var tekið á móti hópum utan auglýsts opnunartíma væri þess óskað. Aðgangseyrir var einnig óbreyttur á árinu. Almennt verð fyrir fullorðna var 1.500 kr. en frítt fyrir börn yngri en 18 ára. Námsmenn, öryrkjar og eldri borgarar greiddu 1.000 kr.

Gestafjöldi



Umtalsvert færri gestir sótt Minjasafn Austurlands heim árið 2024 en árið á undan þegar gestafjöldinn var með mesta móti. Skýrist fækkunin eingöngu af því að heimsóknnum hópa úr skemmtiferðaskipum sem komu til Seyðisfjarðar fækkaði mjög vegna breyttra áherslna hjá ferðaskipuleggjendum.

Heildarfjöldi gesta sem heimsóttu sýningar Minjasafns Austurlands á árinu eða tóku þátt í viðburðum (almennir gestir, nemendur og kennarar í safnfræðslu) voru um 3970 en til samanburðar voru þeir 4600 á árinu 2024 og 3600 árið 2022. Almennir gestir (börn og fullorðnir) voru 2940 á árinu 2024 samanborið við 3706 árið 2024. Til samanburðar komu 2780 almennir gestir á safnið árið 2022. Athygli vekur að þrátt fyrir að gestum hafi fækkað milli ára fjölgaði Íslendingum umtalsvert. Af almennum gestunum voru 1432 Íslendingar (1014 fullorðnir og 418 börn) árið 2024 samanborið við 640 árið 2023. Skýringu á þessari fjölgun Íslendinga er fyrst og fremst að leita í áhuga almennings á sýningunni *Landnámskonan* sem vakti mikla athygli og dró að sér marga gesti. Til dæmis lögðu um 300 manns leið sína á safnið á 17. júní en þá var opið hús og frítt inn í tilefni dagsins. Erlendir gestir á árinu 2024 voru 1508 (1343 fullorðnir og 165 börn) sem er mikil fækkun frá árinu 2023 þegar þeir voru 3066 en eins og áður sagði, skýrist fækkunin alfarið af færri gestum úr skemmtiferðaskipum en þeir voru 1427 árið 2023.

Nemendum sem nýttu safnfræðslu Minjasafns Austurlands fjölgaði á árinu en nánar er fjallað um það í kafla sjö.

5. Húsnæði og aðstaða

Undirbúningur að nýrri viðbyggingu við Safnahúsið hélt áfram á árinu. Forsaga málsins teygir sig aftur til ársins 1999 þegar þáverandi ríkisstjórn ákvað að leggja fé til uppbyggingar menningarhúsa á landsbyggðinni. Árið 2016 var skrifað undir viljayfirlýsingu milli ríkis og Fljótsdalshéraðs þess efnis að féð yrði nýtt í uppbyggingu Sláturhússins annars vegar og Safnahússins hins vegar. Lítið varð um framkvæmdir næstu árin en í maí 2018 dró til tíðinda að nýju þegar undirritaður var samningur sem fól í sér stofnframlag til fyrrnefndrar uppbyggingar á menningarhúsunum tveimur. Á árinu 2020 var skipuð byggingarnefnd yfir verkefnið og framkvæmdir hófust í Sláturhúsinu. Framkvæmdum í Sláturhúsinu lauk haustið 2022 og í byrjun árs 2023 var skipuð ný bygginganefnd yfir seinni hluta verkefnisins, þ.e. framkvæmdir við Safnahúsið. Nefndina skipa Aðalheiður Björt Unnarsdóttir fyrir hönd B-lista, Heiðís Halla Bjarnadóttir fyrir hönd V-lista, Rúnar Ingi Hjartarson fyrir hönd L-lista, Hannes Karl Hilmarsson fyrir hönd M-lista og Oddný Björk Daníelsdóttir fyrir hönd D-lista og er hún einnig formaður nefndarinnar. Þá á Stefán Bogi Sveinsson héraðsskjalavörður sæti í nefndinni fyrir hönd safnanna í húsinu. Á árinu var unnið að því í samstarfi við arkitekta hússins að hanna rými hússins að innan í samræmi við þarfir safnanna. Vonir standa til að hægt verði að hefja framkvæmdir á árið 2026.

6. Sýningar, viðburðahald og önnur miðlun

Sýninga- og viðburðahald Minjasafns Austurlands var blómlegt á árinu. Stærstu verkefnin voru sýningarnar Landsnámskona og Kjarval á Austurlandi en báðar vöktu þær mikla athygli. Þá var boðið upp á nokkrar örsýningar, fyrirlestur og fjölbreyttar fjölskyldusmiðjur auk þess sem safnið tók þátt í að skipuleggja stóra kvenna- og kynjasöguráðstefnu.

Grunnsýningar

Grunnsýning Minjasafnsins var óbreytt á árinu. Sýningin var sem fyrr tvískipt, annars vegar er um að ræða sýninguna *Sjálfbær eining* og hins vegar sýninguna *Hreindýrin á Austurlandi*. Á fyrrnefndu sýningunni er leitast við að sýna hvernig hvert íslenskt sveitaheimili þurfti að vera sjálfu sér nægt um brýnustu lífsnauðsynjar og þar eru til sýnis

gripir sem tilheyra sögu gamla sveitasamfélagsins á Austurlandi eins og það var fram undir miðja 20. öld. Á sýningunni *Hreindýrin á Austurlandi*, sem opnuð var árið 2015 er fjallað um lífshætti og lífsbaráttu hreindýranna, hætturnar sem þau búa við af náttúru og mannavöldum, rannsóknir á þeim, sögu hreindýraveiða og hvernig afurðir dýranna hafa verið nýttar í matargerð, handverki og hönnun.

Smiðjur



Eins og undanfarin ár stóð Minjasafnið fyrir nokkrum fjölskyldusmiðjum, oftast en ekki í samstarfi við hin söfnin í húsinu og fleiri aðila. Í aðdraganda bollu- og öskudags stóðu Minjasafnið, Bókasafn Héraðsbúa og Soroptimistaklúbbur Austurlands saman að öskupoka- og bolluvandasmiðju. Þar var boðið upp á efnivið og kennslu í því að búa til þessa hluti sem mörgum þykja ómissandi á bollu- og öskudaginn. Í Dymbilvíku var einnig opið hús í

Safnahúsinu og margvísleg afþreying í boði og í tilefni af byggðahátíðinni *Dagar myrkurs*, sem fram fór um mánaðamótin október og nóvember, buðu söfnin í Safnahúsinu til fjölskyldusamveru þar sem afþreying sem tengist árstímanum, myrkrinu og hrekkjavökunni voru í hávegum. Meðal annars gafst gestum kostur á að skera út í rófur að gömlum sið en hann á rætur sínar að rekja til Írlands á 16. öld. Þá var boðið upp á fornleika- og víkingasmiðju í tengslum við barnmenningarhátíðina *BRAS* og sýninguna *Landnámskonan* sem nánar er fjallað um í næsta kafla. Síðast en ekki síst buðu söfnin heim í aðdraganda jóla þar sem boðið var upp á föndur og upplestur auk þess sem jólasveinn leit í heimsókn. Frítt var inn í allar smiðjurnar og voru þær vel sóttar af fjölskyldufólki.

Örsýningar

Eins og undanfarin ár voru settar upp nokkrar tímabundnar örsýningar í sýningarskápnum á þriðju hæð Safnahússins þar sem áhersla var lögð á að sýna gripi úr safnkosti safnsins. Sett var upp sýning með margvíslegum handunnum og heimagerðum gripum og önnur með margvíslegum saumaskap. Þá var sett upp sýning með gripum eftir Guðmund Þorsteinsson sem kenndi sig við Lund í Lundarreykjadal en safnið varðveitir stórt safn gripa eftir hann. Síðast en ekki síst var sett upp lítil jólasýning í skápnum í aðdraganda jóla.

Landnámskonan

Undir lok árs 2023 kviknaði sú hugmynd að Minjasafn Austurlands, Héraðsskjalasafn Austfirðinga og Tækniminjasafn Austurlands myndu öll helga sumarsýningar sínar sögu kvenna. Tilefnið var kvenna- og kynjasöguráðstefna sem fyrirhuguð var á Seyðisfirði og Egilsstöðum í júní 2024 á vegum Rannsóknarsetur HÍ á Austurlandi og Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands í samstarfi við Minjasafnið og Tækniminjasafn Austurlands. Fljótlega kviknaði sú hugmynd að Minjasafnið myndi beina sjónum sínum að landnámskonunni og taka útgangspunkt í fornleifauppgreftrinum í Firði á Seyðisfirði og Fjallkonunni svokölluðu sem fannst á Vestdalsheiði árið 2024. Leitað var eftir samstarfi við Antikva ehf. sem sá um rannsóknina í Firði, Rannsóknarsetur HÍ á Austurlandi og Þjóðminjasafn Íslands. Úr varð sýningin *Landnámskonan* þar sem stórmerkilegir forngripir frá Austurlandi voru til sýnis í fyrsta sinn.



Tvær ríkulega búnar landnámskonur skipuðu heiðurssess á sýningu Minjasafnsins, annars vegar höfðingjakonan sem hvíldi í einu kumlinu sem grafið var upp í Firði á Seyðisfirði árið 2021 og hins vegar fjallkonan dularfulla sem fannst í hellisskúta á Vestdalsheiði upp af Seyðisfirði árið 2004. Bæði kumlin í Firði og líkamsleifar fjallkonunnar eru frá því um 950 og því ljóst að hinar látnu hafa verið uppi á sama tíma. Á sýningunni voru niðurstöður rannsókna á þessum fornleifafundum nýttar til að beina sjónum að konum á þessum tíma, lífi þeirra og störfum. Auk fróðleiks um þessa fornleifafundi og rannsóknir á þeim voru til sýnis gripir, annars vegar frá Firði og hins vegar frá fjallkonunni á Vestdalsheiði. Þessir gripir höfðu ekki áður komið fyrir sjónir almennings og hér var því um stórviðburð að ræða. Sýningin var formlega opnuð 8. júní og markaði viðburðurinn lok fyrrnefndrar ráðstefnu um kvenna- og kynjasögu.

Höfundur sýningarinnar var Rúna K. Tetzschner en auk hennar voru í sýningarnefnd þær Ragnheiður Traustadóttir, Rannveig Þórhallsdóttir og Elsa Guðný Björgvinsdóttir. Um hönnun og uppsetningu sá Hanna Christel Sigurkarlsdóttir og grafísk hönnun var í höndum Ingva Arnar Þorsteinssonar. Þá veitti Þjóðminjasafn Íslands faglega ráðgjöf og Sandra Sif Einarsdóttir, forvörður hjá Þjóðminjasafninu, kom austur og aðstoðaði við uppsetningu sýningarinnar.



Í tengslum við sýninguna og barnamenningarhátíðina *BRAS* stóð safnið fyrir víkinga- og fornleifasmiðju fyrir börn þar sem boðið var upp á fjölskylduleiðsögn um sýninguna og áhugasamir gátu brugðið sér í hlutverk fornleifafræðinga. Þá hélt Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur og stjórnandi rannsóknarinnar í Firði, vel sóttan fyrirlestur um rannsóknina í Safnahúsinu.

Upphaflega var ætlunina að sýningin myndi aðeins standa út sumarið 2024 en vegna umfangs sýningarinnar og mikils áhuga almennings var ákveðið, í samráði við Þjóðminjasafnið, að framlengja sýninguna út september 2025.

Kjarval á Austurlandi



Á árinu 2024 réðust Minjasafn Austurlands, Sláturhúsið – menningarmiðstöð og Skaftfell á Seyðisfirði í stórt samstarfsverkefni sem bar yfirskriftina *Kjarval á Austurlandi*. Verkefnið var þrískipt: Í fyrsta lagi myndi Minjasafn Austurlands setja upp stóra sýningu með persónulegum gripum

Kjarvals í Sláturhúsinu, í öðru lagi myndi Sláturhúsið bjóða grunnskólanemum á Austurlandi á leiksýninguna *Kjarval* í samstarfi við Borgarleikhúsið og í þriðja lagi myndi Skaftfell setja upp myndlistarsýningu með verkum Kjarvals í samstarfi við Listasafn Íslands.

Sýning Minjasafnsins var opnuð í Sláturhúsinu í september að viðstöddu fjölmenni. Sem fyrr segir skipuðu persónulegir gripir Kjarvals þar stóran sess og leitast var við að varpa ljósi á persónuna Kjarval og tengja saman verk hans og umhverfið sem þau eru sprottin úr. Verkefnastjóri og höfundur sýningarinnar *Kjarval á Austurlandi* var Hanna Christel Sigurkarlsdóttir, grafísk hönnun var í höndum Ingva Arnar Þorsteinssonar og Óttar Brjánn Eypórsson sá um smíði. Marcellvs L sá um tölur og vídeóvinnslu og ljósmyndun var í höndum Juanjo Ivaldi Zaldívar.

Í október mættu svo um 320 gunnskólabörn á miðstigi af öllu Austurlandi í Sláturhúsið þar sem þau fengu að leiðsögn um sýningu Minjasafnsins og fengu jafnframt að sjá leikritið *Kjarval* í uppsetningu Borgarleikhússins. Auk þess var skólunum boðið upp á sérstakt fræðsluverkefni sem nemendur gátu unnið í skólunum. Heimsóknin og fræðsluverkefnið var hluti af dagskrá barnamenningarhátíðarinnar BRAS.



Þriðji og síðasti hluti verkefnisins verður svo í höndum Skaftfells á Seyðisfirði en þar er ætlunin að setja upp sýningu með verkum Kjarvals sumarið 2025 auk þess sem grunnskólum á Austurlandi verður boðið upp á fræðsluverkefni.

7. Safnfræðsla

Fjöldi nemenda sem nýttu sér safnfræðslu Minjasafns Austurlands var með mesta móti á árinu. Fræðslan fór ýmist fram á sýningum safnsins og í skólunum. Stærsta verkefnið var safnfræðsluverkefni í tengslum við sýninguna Kjarval á Austurlandi en um 320 nemendur nýttu sér það.

Heimsóknir skólahópa

Sjaldan hafa fleiri nemendur tekið þátt í safnfræðslu Minjasafns Austurlands en á árinu 2024 en 940 nemendur nýttu fræðsluverkefni safnsins á árinu samanborið við 800 nemendur árið áður en þá var fjöldinn með mesta móti. Fræðsluverkefnin voru sem fyrr afar fjölbreytt og fóru ýmist fram á safninu eða í skólunum. Meðal verkefna voru fræðsla um þorrann og hefðir tengdar honum fyrir leikskólabörn, hreindýra-lásalausnir (e. Brakeout Edu) fyrir nemendur á miðstigi, jólaheimsóknir og fleira. Stærsta safnfræðsluverkefni ársins var tengt verkefninu *Kjarval á Austurlandi* sem fjallað er um í kafla sex. Í tengslum við verkefnið og sýninguna sem Minjasafnið setti upp í Sláturhúsinu, var grunnskólum á Austurlandi boðið að koma með nemendur á miðstigi í Sláturhúsið til að skoða sýningu Minjasafnsins og sjá leiksýninguna *Kjarval* í uppsetningu

Borgarleikhússins. Um 320 börn nýttu boðið en auk heimsóknarinnar fengu skólarnir sérstakt fræðsluverkefni frá Minjasafninu sem unnið var í skólunum.



Þá átti safnið áfram í góðu samstarfi við leikskólann Tjarnarskóg en löng hefð er fyrir því að einn árgangur þaðan komi í fjórar heimsóknir á safnið yfir árið. Safnið átti einnig í góðu samstarfi við Menntaskólann á Egilsstöðum en heimsókn á safnið er hluti af sögukennslu skólans. Þá heimsóttu krakkar í sumarfrístund á Egilsstöðum safnið og safnið tók þátt í útivistardegi 1. – 4. bekkjar Egilsstaðaskóla í samstarfi við Náttúruskólann en verkefnið fólst í því að fyrir utan Safnahúsið var ein stöð þar sem nemendur fengu að spreyta sig á margvíslegum gömlum leikjum.

8. Samstarf, símenntun, starfshópar

Starfsfólk safnsins sótti margvíslega fundi og ráðstefnur á árinu auk þess að sitja í nokkrum nefndum og starfshópum. Safnið átti í margvíslegu samstarfi, t.d. á vettvangi ýmissa félaga, um símenntun starfsfólks, rekstur ljósmyndasafns og fleira.

Símenntun

Í apríl stóð Félag norrænna forvarða á Íslandi fyrir námskeiðinu *Röð og regla á söfnum - umhirða og eftirlit safnhúsa og sýningarhúsnæðis*. Minjasafn Austurlands hlaut styrk úr Safnasjóði til að senda fulltrúa á námskeiðið sem haldið var í Byggðasafni Hafnarfjarðar. Fyrirlesari var Lisa Nilsen sem er sjálfstætt starfandi forvörður frá Svíþjóð, en þar sinnir hún verkefnum fyrir söfn, skjalasöfn, sænsku kirkjuna og menningarstofnanir sveitarfélaga.

Árleg sameiginleg vorferð safnanna í Safnahúsinu var farin á Höfn í Hornafirði að þessu sinni. Þar heimsótti hópurinn kollega sína í Menningarmiðstöð Hornafjarðar og fékk að skoða hinar ýmsu starfsstöðvar sem henni tilheyra eins og bókasafn, héraðsskjalasafn, listasafn Svavars Guðnasonar, varðveislurými miðstöðvarinnar og

fleira. Á leiðinni á Höfn var einnig komið við á Djúpavogi og Landabúð og Steinasafn Auðuns heimsótt. Alls staðar fékk hópurinn góðar viðtökur og átti gott spjall um starfsemina og önnur sameiginleg málefni.

Farskóli Félags íslenskra safna og safnafólks (FÍSOS) var haldinn á Akureyri að þessu sinni og tveir starfsmenn safnsins sóttu skólann. Skólinn er einn mikilvægasti vettvangur símenntunar safnafólks hér á landi. Þar gefst safnafólki tækifæri til að kynnst nýjungum í safnastarfi, læra af kollegum hér á landi og erlendis, kynna eigin starfsemi og síðast en ekki síst kynnst og eiga samskipti við fólk úr sama geira. Á Akureyri gafst þátttakendum kostur á að kynnst fjölbreyttri flóru safna í Eyjafirði auk þess að hlýða á fjölbreytt erindi og taka þátt í áhugaverðum málstofum um safnamál.

Ljósmyndasafn Austurlands

Safnið var áfram aðili að Ljósmyndasafni Austurlands sem er sérstök deild innan Héraðsskjalasafns Austfirðinga og hefur það umsjón með rekstri þess og verkefnum. Ljósmyndasafnið geymir í kringum 80 þúsund myndir en allar ljósmyndir sem berast Minjasafninu eru varðveittar þar. Minjasafnið veitir fé til reksturs Ljósmyndasafnsins að einum þriðja á móti Héraðsskjalasafninu og Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi.

Aðild að félögum

Minjasafnið var áfram aðili að Félagi íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS) og safnstjóri sat í stjórn þess. Þá var safnið einnig áfram aðili að Þjónustusamfélaginu á Héraði en það eru samtök stofnana, fyrirtækja og ferðaþjónustuaðila á svæðinu sem hafa það markmið að efla upplýsingagjöf og þjónustu við íbúa og ferðamenn. Safnið var einnig áfram í Félagi um sögutengda ferðaþjónustu en samtökin eru samráðsvettvangur aðila sem stunda söguferðaþjónustu á Íslandi, einkum hvað varðar markaðssetningu, gæði og fagmennsku.

Safnasóknin

FÍSOS, félag íslenskra safna og safnafólks, stóð á árinu fyrir fundaröð um landið undir yfirskriftinni *Safnasóknin*. Fyrsti fundur sóknarinnar fór fram á Egilsstöðum í apríl en þangað var stefnt fulltrúum safna á Austurlandi. Um var að ræða vinnufundi með það að markmiði að vekja athygli á því mikilvæga starfi sem söfnin sinna. Á fundinum var annars vegar rætt um mikilvægi safna fyrir samfélagið, styrkleika þeirra, tækifæri og ógnir og hins vegar hvaða aðgerðum sé hægt að beita til að vekja athygli ólíkra hópa á mikilvægi þeirra, svo sem þingmanna, sveitarstjórna, almennings og ferðaþjónustuaðila.



9. Lokaorð

Starfsemi Minjasafns Austurlands var blómleg á árinu og margir mikilvægir áfangar náðust. Heimsóknum Íslendinga og heimafólks á safnið fjölgaði mjög, safnfræðslan var áfram öflug og safnið tók þátt í viðamiklum og metnaðarfullum samstarfsverkefnum. Þá voru sýningar safnsins með veglegasta móti og til sýnis gripir sem leika stórt hlutverk í austfirskri sögu og hafa ekki áður komið fyrir sjónir almennings.

Framundan eru ýmsar breytingar í starfsemi safnsins. Nýr safnstjóri tekur við stjórnartaumunum og fyrirséð er að breytingar verði gerðar á rekstrarfyrirkomulagi safnsins. Húsnæðismál safnsins færast hægt en örugglega í rétta átt og vonandi þess ekki langt að bíða að framkvæmdir við nýja viðbyggingu við Safnahúsið hefjist. Þeim munu fylgja stór og viðamikil verkefni sem snúa að innra starfi og safnkostinum. Þá mun vinna við nýja starfsstefnu safnsins hefjast á næsta ári. Allt mun þetta styrkja stöðu safnsins og starfsemi þess til lengri tíma.